



Vilhjálmur Árnason  
stjórnarformaður

# Um starfsemi Siðfræðistofnunar

## Ársfundur 2018

Háskóla Íslands, 25. janúar 2019



# Efni fundarins

- Á ársfundi er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar á árinu.
- Ársfundur er vettvangur umræðu um rekstur og starfsemi Siðfræðistofnunar, um nýjungar í fræðunum eða önnur málefni sem varða hlutverk stofnunarinnar.
- Eftir greinargerð um starfsemi stofnunarinnar 2018 verður stutt hlé, en síðast hefst málþing um íslenskt lýðræði.



# Starfsreglur (2. gr.)

- Hlutverk Siðfræðistofnunar er:
  - að efla og samhæfa rannsóknir í siðfræði sem unnið er að við Háskóla Íslands,
  - að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda háskóla og aðra rannsóknaraðila á sviði siðfræði,
  - að gefa út fræðirit, námsefni og kynna niðurstöður rannsókna í siðfræði,
  - að veita upplýsingar og ráðgjöf um siðfræðileg efni,
  - að sinna stjórnslu vegna námskeiða sem deildir bjóða fram sem hluta af þverfaglegu námi í siðfræði, einkum til meistaraþrófs,
  - að treysta samvinnu milli deilda í þágu þverfaglegs náms og efla skilning á þeim hagsmunum sem náminu tengjast,
  - að gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum um siðfræði.



# Stjórn og starfsmenn

- Siðfræðistofnun Háskóla Íslands
  - Heyrir undir Hugvísindastofnun, aðsetur í Gimli
  - Stjórnarmenn:
    - Vilhjálmur Árnason, formaður (námsbraut í heimspeki), Sólveig Anna Bóasdóttir (guðfræðideild), Ástríður Stefánsdóttir (menntavísindasviði), Haraldur Briem (háskólaráði) og Elínborg Sturludóttir (kirkjuráði)
    - Sérfræðingur: Henry Alexander Henrysson
    - Jón Bragi Pálsson ráðinn í tímabundin verkefni



# Framhaldsnám í siðfræði

- Samvinna við námsbraut í heimspeki um meistaranám í hagnýtri siðfræði. Þrjú kjörsvið
  - Heilbrigðis- og lífsiðfræði
  - Umhverfis- og náttúrusiðfræði
  - Viðskiptasiðfræði
  - 26 brautskráðir
- 30e diplómanám í gagnrýninni hugsun og siðfræði. Einn brautskráður.
- Doktorsnám í hagnýtri siðfræði (3 nemar). Fyrsta doktorsverkefni lokið 2016.



# Samþættingarverkefnið

- Úr stefnu Háskólans:
- „Öll fræðasvið og deildir setji sér markmið og skilgreini leiðir til að flétta saman siðfræði og faglegt nám, efla siðferðilega dómgreind og þjálfagagnrýna hugsun.“
- Verkefnisstjóri Henry Alexander Henrysson, ráðinn til þriggja ára frá hausti 2012, framlengt 2016–2018. Samstarf við námsbraut í heimspeki.
- Styrkt af Aldarafmælissjóði Háskóla Íslands



# Rannsóknarverkefni

- „Hvað einkennir íslenskt lýðræði? Starfsvenjur, gildi og skilningur.“ Stjórnarformaður leiddi. Henry var starfsmaður.
  - Þverfagleg rannsókn, styrkt af Rannís 2013–2015.
  - Átta íslenskir fræðimenn af þremur fræðasviðum Háskólans, þrjár doktorsnemar, þrjár MA nemar, fimm erlendir ráðgjafar.
  - Íslensk bók með niðurstöðum verkefnisins er nýkomin út og verður kynnt á eftir.



# Útgáfur

- *Hvað einkennir íslenskt lýðræði? Starfsvenjur, gildi og skilningur*, ritstjórar Vilhjálmur Árnason og Henry Alexander Henrysson. Háskólaútgáfan 2018.
- Vilhjálmur Árnason, *The Moral Perspective. Reflections on Ethics and Practice*. Ensk þýðing á *Siðfræðikveri* eftir Barböru B. Nelson. Umsjón með útgáfu Henry Alexander Henrysson. Háskólaútgáfan 2018.





# Rannsóknarsamstarf

- *Public Health and Personal Genomics. Recent Challenges for Solidarity-Based Health Care (PubGen)*. Upphaflega styrkt af NosHS 2014–2015, af RHÍ 2017–2020. Umsókn um öndvegisstyrk send inn til Rannís í júní 2018: *The Genetic Wealth of a Nation? The Challenges of Population Genomics and Personalized Medicine in Iceland*.
- *Society, Integrity and Cyber-security*. Styrkt af NordForsk
- LýðHá. Samstarf við Háskólann á Akureyri um lýðræðislegt hlutverk háskóla
- *Bioethics and Political Philosophy*. Samstarfsverkefni Siðfræðistofnana við H.Í., Stokkhólmháskóla og Árósháskóla. Styrkt af NOSHS 2019–2021. Þrjár ráðstefnur haldnar, fyrsta í Stokkhólmi í maí.



# Annað samstarf

- Stjórnarformaður situr í stjórn International Association of Bioethics. Ársþing í Bengaluru í desember 2018.
- *Nordic-Baltic Network for Philosophy of Medicine and Medical Ethics*
  - Stjórnarformaður leiðir þetta samstarfsnet milli Siðfræðistofnana sem var upphaflega styrkt af NordForsk. Fundur í Árósum 2018.
- Henry er fulltrúi í ETINED, Ethics, transparency and integrity in education, Council of Europe
- Ýmsar stofnanir innan Háskóla Íslands
- Fulltrúar Siðfræðistofnunar eru tilnefndir í ýmsar nefndir og ráð á vegum hins opinbera
  - Vísindasiðanefnd, Vísindasiðanefnd H.Í., Fagráð um velferð dýra, Nefnd um erfðabreyttar lífverur, Erfðafræðinefnd, Siðanefnd RÚV, Siðanefnd Alþingis, Siðanefnd Bláamannafélags Íslands
  - Sjá nánar á heimasíðu stofnunarinnar.



# Viðburðir 2018

- Janúar: framsaga og pallborðsumræður á ársfundi um þrjú efni: plastbarkamálið, siðferði í stjórnámum, #metoo hreyfingin
- mars: Hádegisfundur um siðferðileg álitamál varðandi umskurð drengja
- mars: Hádegisfundur um spurninguna „Á ríkið að þvinga fólk til bólusetninga?“ (Simon Clarke)
- apríl: Samstarf við Hannesarholt um Pálsvöku. Náttúruheimspeki
- september: Hádegisfundur um siðferðileg álitamál varðandi bólusetningar barna (Fannar Ásgrímsson)
- október: samstarf við Læknafélag Íslands um siðfræðiráðstefnu í tengslum við ársfund WMA í Hörpu
- október: málstofa um Icesave á ráðstefnunni „Hrunið, þið munið“.
- nóvember: málstofa um Ábyrgð, traust – Refsing og lærdómar. Samstarf við Hannesarholt.



# Þjónustuverkefni

- Fræðsluerindi, fjölmiðlaviðtöl og námskeið fyrir ýmsar stofnanir og faghópa
- Stofnunin sinnir margvíslegum hlutverkum sem landsiðaráð gera í öðrum löndum og hafa stjórnvöld víða ráð fyrir aðkomu hennar án þess að styrkja starfsemina.
  - Þátttaka í starfshópum sem undirbúa lagafrumvörp (greitt fyrir setu í starfshópi um heilindi í vísindum)
  - Ráðgjöf um endurskoðun siðareglna hjá hinu opinbera
- Á síðasta ári varð mikilvæg breyting hér á



# Aðdragandi

- Siðaráð landlæknis sem starfaði fram til 2000 hafði tvíþætt hlutverk:
  - Fjallaði um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði
    - Vísindasiðanefnd fékk þetta hlutverk 1997
  - Ýmis siðferðileg álitamál tengd heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstefnu
    - Hugmyndin var að landsiðaráð tæki við þessu hlutverki
  - Málið var kannað en ekki reyndist pólitískur jarðvegur vera fyrir því að stofna slíkt ráð



# Erindi til stjórnvalda

- Snemma árs 2011 sendi Siðfræðistofnun forsætisnefndar Alþingis erindi um málið
  - Siðfræðistofnun ítrekaði erindið 2012, en bauðst til að sinna verkefnum landsiðaráða í nágrannalöndunum
- Erindi sent forsætisráðherra 2016
- Hreyfing komst ekki á málið fyrr en Katrín Jakobsdóttir varð forsætisráðherra 2017
  - Setti á fót Starfshóp um eflingu trausts í stjórnmálum sem lagði til að Siðfræðistofnun yrðu falin verkefni



# Meginverkefni

- Endurskoðun siðareglna og fræðsla um þær
- Stefna um upplýsingagjöf til almennings
- Löggjöf um vernd uppljóstrara
- Hagsmunaskráning opinberra starfsmanna
- Samskipti við hagsmunaaðila, hagsmunaverði og starfsval eftir opinber störf
- Lýðræðislegt samráð við almenning
- Efla gagnrýna umræðu innan stjórnarsýslunnar,



# Samningur við stjórnvöld

- Siðfræðistofnun ... skal vera stjórnvöldum til ráðgjafar í siðfræðilegum efnum tímabilið 1. janúar 2019 til 31. desember 2021.
  - Stofnunin skal vinna með stjórnvöldum að eftirfylgni og innleiðingu tilmæla starfshóps um eflingu trausts á stjórnámálum og stjórnarsýslu, sbr. skýrslu starfshópsins frá september 2018.
  - Í því felst meðal annars þátttaka í fræðslu fyrir starfsmenn og ráðgjöf um reglusetningu.





# Ráðgjöf

- Hver ráðherra skal hafa heimild til að óska eftir ráðgjöf Siðfræðistofnunar um einstök mál á sínu málefnasviði, þ.m.t. um fyrirhugaða lagasetningu og önnur stjórnarmálefni. Þá geta Alþingi og stofnanir þess óskað eftir ráðgjöf Siðfræðistofnunar um siðfræðileg efni.
- Siðfræðistofnun getur að eigin frumkvæði beint athugasemdum um siðfræðileg álitaeefni til ráðuneyta og annarra stjórnvalda.



# Fjárhagur

- Stofnunin hefur staðið höllum fæti og verið með skuldahala
  - Fjármögnunarkerfi stofnana innan HÍ hentar Siðfræðistofnun illa
  - Ekki var fjárhagslegt bolmagn til að hafa launaðan starfsmann 2018
- Samningnum við stjórnvöld fylgja 10M króna árlega
- Stofnunin fær 4M styrk úr Aldarafmælissjóði HÍ og vilyrði um að skuldahalinn verði klipptur af



# Nýr starfsmaður

- Páll Rafnar Þorsteinsson hefur verið ráðinn í starf verkefnastjóra Siðfræðistofnunar frá 1. febrúar.
  - Páll Rafnar lauk doktorsprófi í heimspeki og klassískum fræðum frá Cambridge-háskóla 2010. Undanfarin ár hefur hann starfað við kennslu og stjórnun við Háskólann á Bifröst, en var einnig aðstoðarmaður ráðherra 2017. Eitt af meginverkefnum hans verður að sinna ráðgjöf til stjórnvalda samkvæmt samningi forsætisráðuneytisins við Siðfræðistofnun.



# Dæmi um önnur verkefni 2019

- Málþing tengt útgáfu bókar um íslenskt lýðræði.
- 28. mars: Hádegiserindi í Hátíðarsal HÍ um CIOMS reglurnar um rannsóknir á mönnum, einkum ákvæði um þátttöku almennings í stórum rannsóknarverkefnum („community engagement“). Styrkur frá Hugvísindastofnun og rektor. Boðsgestur: Hans van Delden
- 24.–25. maí: málþing í tilefni af 30 ára afmæli stofnunarinnar. Boðsgestur: Jonathan Wolff
- Hádegisfundir um einstök álitæfni sem upp kunna að koma i samfélaginu.



# Takk fyrir!

